

## Jafnréttisáætlun embættis Lögreglustjórans á Vestfjörðum

**Meginmarkmið** áætlunarinnar er að koma á og viðhaldi jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna stöðu þeirra innan embættisins. Samþætta skal jafnréttissjónarmið við alla stefnumótun, áætlanagerð og ákvarðanatöku hjá embættinu.

### Gildissvið

Jafnréttisáætlun þessi tekur til allra starfsmanna, óháð starfsstöð, embættis Lögreglustjórans á Vestfjörðum í samræmi við 5. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

### Starfsmarkmið og leiðir

#### Stöðuveitingar, starfsaðstæður, starfsþjálfun og endurmenntun

##### Starfsmarkmið:

Unnið skal markvisst að því að jafna hlutfall kynja hjá embættinu, bæði í almennum störfum og stjórnunar- og ábyrgðarstörfum.

Gæta skal að því að sjónarmið beggja kynja komi fram í tengslum við stefnumótun og ákvarðanatöku.

Tryggt skal að að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar.

##### Leiðir:

Öll störf skulu auglýst laus til umsóknar nema að um sé að ræða tímabundið starf.

Í auglýsingu skulu konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starf. Ef tveir jafnhæfir einstaklingar sækja um auglýst starf, skal sá af því kyni sem er í minnihluta, að öllu jöfnu ganga fyrir í ráðningu.

Við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og ákvarðanir á starfsaðstæðum skal þess gætt að starfsmönnum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis.

Gera skal símenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn í tengslum við árleg starfsmannasamtöl. Greina skal hverjir sækja sér endur- og símenntun. Símenntunaráætlanir liggi fyrir í lok janúar ár hvert.

### Launa- og kjaramál

##### Starfsmarkmið:

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

##### Leiðir:

Kjara- og stofnanasamningar eru grundvöllur að ákvörðun launa og annarra greiðslna.

Árleg yfirferð launa með tilliti til grunnlaunaröðunar og annarra fastra greiðslna. Yfirferð skal lokið í nóvember ár hvert í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næstkomandi ár.

### Samræming atvinnu- og fjölskyldulífs

##### Starfsmarkmið:

Starfsfólki skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.

### Leiðir:

Skoða skal möguleika á sveigjanleika, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu í samræmi við þarfir og óskir starfsmanna (sem koma fram í starfsmannasamtali eða á öðrum tímum) eftir því sem við verður komið.

Stjórnendur skulu hvetja starfsmenn, óháð kyni, til að taka jafna ábyrgð á fjölskyldu og heimili í tengslum við fæðingarorlof og veikindi barna.

### **Kynbundið ofbeldi, kynferðisleg og eða kynbundin áreitni og einelti**

#### Starfsmarkmið:

Tryggt skal að kynbundið ofbeldi, kynferðisleg og eða kynbundin áreitni svo og einelti verði ekki liðin innan embættisins.

#### Leiðir:

Ef upp koma mál tengd kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri og eða kynbundinni áreitni eða einelti skal grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við rgl. nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, áreitni, og ofbeldi á vinnustöðum og verklagsreglur Ríkislögreglustjóra. Alvarlegum tilvikum skal beint til fagteymis Ríkislögreglustjóra.

Fræða skal starfsfólk í forvarnaskyni um rgl. nr. 1009/2015, 22. gr. jafnréttislaga og ákvæði almennra hegningarlaga sem fjalla um viðfangsefnið. Skal slík fræðsla fara fram a.m.k. annað hvert ár.

Framkvæma skal árlega viðhorfskönnun eða rýni á meðal starfsmanna þar sem spurt er um kynbundið ofbeldi, kynferðislega og eða kynbundna áreitni og einelti. Viðhorfskönnun eða rýni fer fram samhliða töku starfsmannasamtala í desember ár hvert.

### **Ábyrgð og framkvæmd jafnréttisstarfs hjá embættinu**

Lögreglustjóri ber ábyrgð á framgangi jafnréttisáætlunar embættisins.

Hjá embættinu starfar jafnréttisfulltrúi. Hlutverk hans er að vinna að jafnréttismálum innan embættisins og að vera starfsfólki til aðstoðar og ráðgjafar. Jafnréttisfulltrúi gætir þess að jafnréttisáætlun sé fylgt eftir, að hún sé kynnt fyrir starfsfólki og endurskoðuð reglulega. Jafnréttisfulltrúi fylgist með jafnréttisumræðu og tekur þátt í samstarfi vegna jafnréttismála, innan og utan embættis. Hann vinnur að forvörnum tengt kynbundnu misrétti, kynferðislegri áreitni eða einelti innan embættisins og kemur eftir atvikum að úrlausn slíkra mála.

Jafnréttisáætlun þessi var samþykkt 5. janúar 2022 og tekur þegar gildi. Áætlun þessa skal endurskoða eigi síðar en í lok árs 2024.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

  
Karl Ingi Vilbergsson  
Lögreglustjóri